

Facade Impregnation

Flügger Facade vörulínan er hönnuð til notkunar á múr- og steinfleti, utanhúss. Myndar veðurþolið yfirborð og tryggir hámarksendingu.

Vörulýsing

Litlaus vatnsvörn sem veitir langavarandi vernd gegn upptöku vatns og óhreininda. Lágmarkar hættuna á gróðurmyndun og frostsprungum. Mettar bera steinfleti og verndar þannig áður ómeðhöndlað yfirborð.

- Litlaus vatnsvörn
- Afar vatnsfráhrindandi
- Hrindir frá sér óhreinindum



Notkunarmöguleikar

Hentar vel til að vatnsverja ómeðhöndlað steinefnayfirborð, t.d. sement, steypa og múrsteinn. Undirlag verður að vera nýtt eða ómeðhöndlað. Má einnig nota á steypar plötur og stéttar.

Undirlag

Undirlagið þarf að vera gljúpt, hreint, þurrt, traust og hentar fyrir yfirborðsmeðhöndlun. Má nota beint á nýtt undirlag. Yfirborð eldra en 1 árs þarf að hreinsa og þurrka í sólarhring fyrir meðhöndlun.

Meðhöndlun

Óhreinindi, feiti og kalkefni ætti að fjarlægja með Fluren 37. Gróðurmyndun, myglu og mygluvöxt ætti að fjarlægja með Facade Anti-Green.

Notkun

Bursti, rúlla eða lakksprauta. Ein umferð nægir yfirleitt. Ef önnur umferð er nauðsynleg ætti að bera hana á blautan flötinn. Rakapétting má ekki myndast. Forðast skal vinnu í beinu sólarljósi. Kuldi og aukið umhverfisrakastig lengir þurrktíma og fulla verkun. Aukið hitastig og lár loftraki dregur úr þurrktíma og fullri verkun. Yfirborð má ekki vera óvarið gegn frosti í sólarhring eftir að meðhöndlun er lokið. Ávallt skal framkvæma prófunarmeðhöndlun til að athuga og samþykkja niðurstöðu.

Væntanleg útkoma

Litlaust yfirborð. Áætluð ending er 4 ár. Ending veitur á samspili ýmissa þátta, t.d. undirvinnu, hvernig efnið er borið á og veðurskilyrðum. Raunveruleg ending getur því verið styttri eða lengri en gefið er upp.

Athugið!

Hylja skal gler, málm o.s.frv. þar sem skvettur geta haft mattandi áhrif. Ef mála á yfirborðið síðar, er það einungis hægt að liðnu að minnsta kosti 1 ári frá umferð með Facade Impregnation.

Umhverfisupplýsingar

Fjarlægð sem mesta málningu af verkfærunum og þrifið þau svo með vatni. Hellið ekki leifum af fljótandi málningu í niðurföll heldur farið með leifarnar á næstu endurvinnslustöð. Lágmarkið leifar og sorp eftir málun með því að reikna út nauðsynlegt magn áður en verkið hefst. Geymið umframmálningu með réttum hætti til að hægt sé að nota leifar síðar og lágmarka þannig umhverfisáhrif.

Geymsla: Á svölum, frostlausum stað og vel lokað

Viðbótar upplýsingar

Skráð i gagnagrunn fyrir vistvænar byggingarvörur á Norðurlöndunum (Nordic Ecolabelling Building Products Database), sem er skrá yfir vörur sem er heimilt að nota við Svansmerkt byggingarverkefni.

Tæknilegar upplýsingar

Vara	Gegndreypping
Eðlisþyngd (kg/l)	1.00
Efnisnotkun (m ² /ltr.)	5
Lág. vinnuhitastig við notkun og þornun/hörðun	Min. +5°C
Loftraki	Hám. loftraki 80% RH.
Þurrktími við 20°C, 60% RH (Tímar)	2
Fullharðnað þurrktími við 20°C, 60% RF	28
Þéttleiki	Uppgufun EN7783: Sd = 0,01 m samsvarandi við flokk V1 High samkvæmt EN 1062-1
Þynning	Má ekki þynna
Þrif á verkfærum o.s.frv.	Vatn

Núverandi TDS útgáfa

febrúar 2023

Í staðinn fyrir TDS útgáfu

maí 2022